

Fundargerð Formannafundur BFSÍ 2026

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **30.4.2026**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson (BFSÍ), Astrid Daxböck (BFSÍ), Oliver Ormar Ingvarsson (BFSÍ), Valgerður E. Hjaltested (BFSÍ) og Sveinn Stefánsson (BF Hrói Höttur)**

Fundargerð ritaði: **Guðmundur Örn Guðjónsson**

1. Fundur settur af formanni BFSÍ kl. **18:05**

Formaður BFSÍ nefnir að mætingin verði óvenju dræm, mikil forföll á síðustu stundu. En margir höfðu samband og/eða tóku spjall við formann BFSÍ fyrir fundinn. Almenn ánægja er á starfi BFSÍ, og engin málefni sem menn báðu um að yrðu lögð fyrir fundinn.

2. Engin gesta ávörp voru á formannafundinum að þessu sinni.

3. Ársskýrsla BFSÍ 2025

Formaður lagði fyrir og fjallaði stutt um skýrsluna á meðan farið var yfir skjalið. Starfið gengur vel. Opnað var fyrir spurningar eða athugasemdir um ársskýrsluna. Engar bárust.

4. Reikningar BFSÍ.

Gjaldkeri BFSÍ var tengdur fundinum í vinnu og bað formann að fara yfir ársreikninginn. Formaður fór yfir drög að ársreikningi BFSÍ 2025 og gaf skýringar á helstu liðum. Ástæða þess að fundurinn var haldinn í lok apríl, var til að gefa hámarks tíma til þess að geta lagt fyrir drög að ársreikningnum á fundinum og til að mæta kvöðum í lögum BFSÍ um að fundurinn sé boðaður í mars. Verið var að færa allt bókhald yfir í bókhaldsþjónustu á árinu, það hefur tekið óvenju langan tíma að innleiða allt á réttan hátt. Því innleiðingarferli er lokið núna, því má gera ráð fyrir að framtíðar ársreikningar verði tilbúnir mun tímanlega. Nokkrar villur eru í drögum ársreikningsins sem var kynntur á fundinum sem skoðunarmenn höfðu bent á stuttu fyrir fund og er verið að leiðrétta, t.d. atriði sem voru færð á árið 2025 en er fyrirframgreiddur kostnaður vegna 2026 og slíkt. Villurnar verða lagaðar og loka útgáfa ársreikningsins verður birt á vefsíðunni eftir leiðréttingar. Opnað var fyrir spurningar eða athugasemdir um ársreikninginn að því loknu. Engar bárust.

5. Afreksstefna BFSÍ.

Formaður kynnti afreksstefnu BFSÍ 2021-2029 óbreytta frá Bogfimiþingi 2025. Hann fjallaði stutt um áætlaðar breytingar fyrir þing 2029 og stutt um afreksstarf, umhverfið og breyttar reglur ASJ og samstarf við AMÍ. Opnað var fyrir umræður um afreksstefnu BFSÍ. Engar athugasemdir eða spurningar tengdar afreksstefnu BFSÍ komu fram.

6. Önnur mál. Formaður spurði fundarmenn hvort þeir vildu koma einhverju öðru á framfæri eða ræða einhver önnur mál sem tengdust starfinu eða hverju sem er áður en fundi væri slitið formlega. Svo var ekki. Einn fundarmaður vildi taka spjall við formanninn í síma eftir fundinn og stutt umræða um flotta hárgreiðslu fundarmanns.

Formaður sagði að þetta væri líklega heimsmet í lengd formannafunda undir 10 mínútum. Formaður benti á að eins og alltaf sé opinn hurð hjá BFSÍ 365 daga á ári og alltaf hægt að spyrjast fyrir eða leita upplýsinga í pósti, skilaboðum eða síma um allt tengt BFSÍ, hvort sem það er formlegur fundur eður ei, eins og flestir þekkja og nýta sér.

7. Fundi slitið kl. **18:14**